


Ágúst Einarsson

Grein byggð á erindi á fundi Félags íslenskra bókaútgefenda, Rithöfundasambands Íslands, Norræna hússins, Reykjavíkur Bókmenntaborg UNESCO, Miðstöðvar íslenskra bókmennta, Hagþenkis og Þot –Bandalags þýðenda og túlka hinn 8. nóvember 2014 í Norræna húsinu

Ritlist og hagrænir þættir hennar

Ritlist byggir á rituðum texta, eins og í bókum, tímaritum og blöðum, prentað eða rafrænt. Störf sem tengjast ritlist eru til dæmis höfundar, útgefendur, bóksalar, fólk í prentsmiðjum og bókasöfnum. Ritlist byrjaði á skráningu upplýsinga í viðskiptum á töflur úr leir, til að vita og muna magn í sendingum milli þorpa eða um skuld eins og þar með eign annars. Þetta þróaðist ekki hratt en náði að festa sig í sessi fyrir 3.000 árum með hljóðtáknnum og stafrófi.

Höfundur telur, og er ekki einn um það, að tungumálið, íslenskan, og ritlistin, bækur og kvæði, hafi gert Íslendinga að þjóð sem varðveitti menningu sína í rúm 1.000 ár, á tíma þar sem slíkt var alls ekki sjálfgefið.



Mynd 1: Hugtakið virði innan menningarhagfræði


Á mynd 1 er sýnt hvernig hugtakið virði er skilgreint með tvíþættum hætti, það er efnahagslegt virði og menningarlegt virði. Efnahagslegt virði er það sem er algengast í efnahagslífinu en innan menningar er nauðsynlegt að leggja einnig mat á hið listræna, fagurfræðilega og meta til fjár þá upplifun sem neysla menningarverðmæta, eins og að lesa góða bók, hefur í för með sér.

Í hagfræðinni er ekki lagt peningalegt mat á allt og alla. Menningin, eins og afurðir ritlistar, hefur sjálfstætt virði og með þessari tvíhyggju sem sést á myndinni fæst heppileg umgjörð um skapandi atvinnugreinar sem geta orðið uppspretta lífskjara 21. aldarinnar fyrir Íslendinga ef borin er gæfa til þess að skilja það, sem er reyndar alls óvíst.

Ritlistin skapar verðmæti, velmegun og vellíðan. Það eru ekki allir hlutir sem gera það. Ritlistin varð ekki almenningseign fyrr en á 15. öld með byltingu Gutenbergs. Framleiðsla síðustu 50 ára á afurðum ritlistar, bókum, blöðum og tímaritum, er miklu meiri en allt það sem

hafði verið gert áður frá upphafi alda. Það er einkennileg tilhugsun að í 200 ár frá 16. öld fram á þá 18. var aðeins ein prentsmiðja hér á landi.

Þróun innan ritlistar hefur verið mjög hröð með stafrænni tækni, lestölvum og upplifunariðnaði, sem er stærsta atvinnugrein í heimi. Ritlist gegnir þar mjög stóru hlutverki, því flest er skrifað niður í öllum listgreinum og í nær öllum athöfnum mannsins. Ritlist og útgáfa eru svo margþætt að ekki er hægt að draga hana í einn dilk. Fjölbreytnin er slík. Ánægjan við að starfa við ritlist er mikil og ber hagnaðarvonina ofurliði enda er ritlistin venjulega ekki vegur til fjár en stundum til frama.



Mynd 2: Hlutfall íbúa sem las að minnsta kosti eina bók sér til ánægju árið 2011


Eftirspurn eftir skapandi afurðum eins og texta og tónlist eykst með aukinni neyslu sem skapar mikil tækifæri í viðskiptum og víðar. Íslendingar eru framarlega í lestri, sbr. mynd 2 en þar er sýnt hlutfall af íbúum landa sem lásu að minnsta kosti eina bók sér til ánægju árið 2011.

Þótt nokkuð mikið sé lesið á Íslandi hefur lestur minnkað mikið á undanförunum árum og áratugum hjá börnum og unglingum. Margt hefur breyst hjá þeim aldurshópi eins og síma- og tölvueign. Þannig lásu um 90% barna dagblað daglega fyrir 40 árum en núna er þetta hlutfall um 30%. Lesskilningur unglunga hérlendis, samkvæmt PISA-könnuninni og fleiri rannsóknum, er með því lakasta sem þekkist. Um fjórðungur unglunga les aldrei bók sér til ánægju og er staðan verri hér hvað þetta varðar en er í öðrum löndum. Þetta er verulegt áhyggjuefni og falleinkunn fyrir íslenskt samfélag.

Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3
Lönd með mikla öflun á bókum á íbúa	Lönd með miðlungs öflun á bókum á íbúa	Lönd með litla öflun á bókum á íbúa
Bretland Danmörk Finnland Holland Ísland Svíþjóð	Austurríki Belgía Frakkland Írland Lúxemborg Þýskaland	Grikkland Portúgal Spánn


Mynd 3: Flokkun landa eftir því hversu margra bóka er aflað á íbúa á ári og hvernig lestri er háttað

Bækur eru þó með sterka stöðu til gjafa og þær hafa haldið þeirri stöðu. Mynd 3 sýnir flokkun landa eftir því hve mikið þjóðir Evrópu afla sér bóka og lesa. Íslendingar eru enn í efstu deild. Athyglisvert er að sjá í töflu 1 að lestrar- og bókaáhuginn er mestur í Norður-Evrópu, næst mestur í Mið-Evrópu og minnstur í Suður-Evrópu.




Mynd 4: Þættir menningariðnaðar

Menningariðnaðurinn er víðfeðmur og mynd 4 sýnir útlínur hans þar sem ritlistin telst til kjarnasviða. Framleiðsla ritverka gerist í nokkrum skrefum, þar sem menntun á sviði lista og viðskipta auk fjármögnunar gegna lykilhlutverki.



Mynd 5: Fjöldi bóka gefinn út á Norðurlöndum á hverja 1.000 íbúa árin 1994, 2002 og 2010


Íslendingar eru ofarlega eða efstir í bókaútgáfu á hvern einstakling eins og samanburður milli Norðurlandana ásamt Færeyjum í mynd 5 sýnir.



Mynd 5: Hlutfall þýðinga á íslensku eftir tungumálum 1975-2012 um þýðingar eftir tungumálum

Ef skoðaðar eru þýðingar á ritverkum á íslensku eftir tungumálum sést á mynd 5 að langmest er þýtt úr ensku. Hlutfallið var 43% árið 1975 en var komið upp í 64% árið 2012. Þýðingar úr Norðurlandamálunum hafa haldið sér í um 20% þessi 35 ár en hlutdeild annarra tungumála hefur lækkað um helming. Skáldverk, sem eru hluti af þessum þýðingum, eru meira að segja um 70% þýdd úr ensku. Þetta er þó ekki óalgengt. Til dæmis á þýska bókamarkaðnum, sem er mjög stór markaður fyrir erlendar bækur, er þýðingarhlutfallið úr ensku álíka og er hér á landi.

Fyrir 1.000 árum var helstu útflutningsvörur Íslendinga skreið, vaðmál og skáldskapur. Nú er skáldskapurinn aftur orðinn útflutningsvara og það tækifæri á að nýta.



Mynd 6: Fjöldi bóka kynntur í Bókatíðindum 1983-2013

Fjöldi titla hefur nær þrefaldast á síðustu 50 árum en besti samanburðurinn fæst með því að skoða fjölda bóka í Bókatíðindum ár hver, eins og sýnt er á mynd 6. Sú mynd sýnir þróunina í 20 ár og fjöldinn hefur meira en tvöfaldast og það sýnir vel gróskuna á þessu sviði.

Blaða- og tímaritaútgáfa hefur dregist mikið saman hérlendis síðustu áratugina. Bókasöfn gegna mjög mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi og reyndar víðast hvar þar sem þau eru. Um 700 manns vinna í yfir 300 bóksöfnum hérlendis. Starfsemi þeirra er öflug og fjölbreytt en það ætti að auka það enn frekar þar sem bóksöfn skila fjórfalt meiri verðmætum til samfélagsins en varið er til þeirra. Bókasöfn eru að mati höfundar vannýtt auðlind hérlendis.

Höfundaréttur í tengslum við ritlist er gamall og brýnt er að endurskoða þá löggjöf og færa hana nær nútímanum og hinni nýju tækni sem hefur þróast mjög hratt síðustu ár.

Röð	Land	Hlutdeild (%) af Heildarvinnuafli sem vinna í menningar-geiranum 2009	Röð	Land	Hlutdeild (%) af heildarvinnuafli sem vinna í menningar-geiranum 2009
1	Ísland	3,2	10	Slóvenía	2,0
2	Noregur	2,6	11	Litáen	2,0
3	Svíþjóð	2,3	12	Krótía	1,8
4	Lettland	2,3	13	Ungverjaland	1,8
5	Danmörk	2,3	14	Eistland	1,7
6	Finnland	2,3	15	Malta	1,7
7	Þýskaland	2,2	16	Tékkland	1,7
8	Bretland	2,1	17	Frakkland	1,7
9	Holland	2,0	18	Meðaltal ESB	1,7

Mynd 7: Hlutdeild af vinnuafli sem vinnur í menningargeiranum árið 2009

Á mynd 7 er sýnd hlutdeild af vinnuafli sem vinnur í helstu þáttum menningargeirans í nokkrum löndum í Evrópu. Hér sést að atvinnuþátttaka í menningariðnaði er hæst hérlandis eða 3,2% af vinnuaflinu. Næstu lönd eru Noregur og Svíþjóð. Meðaltal innan Evrópusambandsins (ESB) er 1,7%. Þar með sést að atvinnuþátttaka í menningargeiranum hérlandis er um tvöfalt hærri en er að meðaltali innan ESB. Þetta felur í mikil tækifæri fyrir Ísland á næstu árum og áratugum. Það er einmitt þetta sem undirstrikar hina miklu möguleika sem höfundur telur að Íslendingar hafa til atvinnusköpunar og aukningu lífskjara hérlandis. Umhverfið og jarðvegurinn eru frjó. Ef Íslendingar ætla að nýta okkur þessi tækifæri sem blasa við þá þarf að setja menninguna í forgang, ekki einungis með uppskrúfuðu tali stjórnámálanna á tyllidögum.

Á myndum 8 og 9 eru sýndur virðisaukaskattur fyrir bækur í 34 löndum Evrópu.

Land	Almennt þrep virðisaukaskatts (%)	Virðisaukaskattur fyrir prentaðar bækur í %	Land	Almennt þrep virðisaukaskatts (%)	Virðisaukaskattur fyrir prentaðar bækur í %
Austurríki	20	10	Holland	21	6
Belgía	21	6	Írland	23	0
Bretland	20	0	Ísland	25,5	7
Búlgaría	20	20	Ítalía	21	4
Danmörk	25	25	Króatía	25	5
Eistland	20	9	Kýpur	18	5
Finnland	24	10	Lettland	21	12
Frakkland	19,6	5,5	Litháen	21	9
Grikkland	23	6,5			

Mynd 8: Virðisaukaskattur á bækur í 17 löndum í Evrópu

Land	Almennt þrep virðisaukaskatts (%)	Virðisaukaskattur fyrir prentaðar bækur í %	Land	Almennt þrep virðisaukaskatts (%)	Virðisaukaskattur fyrir prentaðar bækur í %
Lúxemborg	15	3	Spánn	21	4
Malta	18	5	Sviss	8	2,5
Noregur	25	0	Svíþjóð	25	6
Portúgal	23	6	Tékkland	21	15
Pólland	23	5	Tyrkland	18	8
Rúmenía	24	9	Ungverjaland	27	5
Rússland	18	10	Úkraína	20	0
Slóvakía	20	10	Þýskaland	19	7
Slóvenía	20	8,5			

Mynd 9: Virðisaukaskattur á bækur í 17 löndum í Evrópu

Eins og sést í myndum 8 og 9 eru flest hinna 34 Evrópulanda með vaskinn í lægra þrepi fyrir bækur, Meðaltalið á virðisaukaskatti fyrir bækur í þessum löndum er 7,2% en nú á að hækka hann hérlandis úr 7% í 12%. Dæmi um einmitt ranga stefnu stjórnvalda er að hækka núna

virðisaukaskatt á bækur og annað prentað mál. Þetta er beinlínis heimskulegt. Þessi aðgerð dregur vitanlega úr umsvifum ritlistar og sölu og lestur bóka.

Nokkur lönd leggja engan vask á prentaðar bækur. Það ættu Íslendingar að gera enda væri það góð aðgerð til að efla lestur og lesskilning. Það er ótrúlegt að horfa upp á það að sala laxveiðileyfa er undanþegin virðisaukaskatti en ekki bækur. Hvers konar forgangsroðun er þetta? Er laxveiði hinna fáu útvöldu mikilvægari en lestur bóka? Er þetta samfélagið sem sem Íslendingar vilja hafa? Höfundur segir nei.

Það er næst hæsta almennt þrep héraendis á vaski (25,5%) meðal hinna 33 ríkja OECD en meðaltal þeirra er 19%. Skilvirkni vasksins hér er lág í alþjóðlegum samanburði. Íslendingar eru í 6. neðsta sæti af þessum 33 löndum OECD. Enn ein falleinkunnin fyrir Ísland í alþjóðlegum samanburði. Virðisaukaskattur á þessu ári er áætlaður 160 milljarðar og er tæpar 30% af skatttekjum ríkisins. Afnáam vasks á bækur, sem hér er lagt til, kostar rúmar 500 millj. kr. eða tæpar 0,5% af vaskinum. Það verður samt meira en 99,5% af skattstofninum eftir.

	1999	2004	2009	2014
Stofnun Árna Magnússonar	244	309	329	310
Framhaldsskólar, námsefnisgerð	33	32	203	54
Grunnskólar, til höfundarétthafa	35	64	62	65
Námshagnastofnun	536	564	515	479
Þjóðskjalsafn Íslands	161	208	353	298
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	654	776	783	795
Hljóðbókasafn	81	98	98	88
Höfundaréttargjöld innheimt af ríkistekjum	199	162	114	52
Launasjóðir listamanna	331	442	427	523
Bókasafnssjóður höfunda	37	32	35	22
Miðstöð íslenskra bókmennta	54	47	88	66
Heiðurslaun listamanna	29	68	59	82
Starfslaunasjóður fræðimanna	10	17	15	37
Hið íslenska bókmenntafélag	12	14	12	7
Hið íslenska fornritafélag	8	17	17	10
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins	43	113	195	143


Mynd 10: Framlög ríkisins til nokkurra stofnana í milljónum kr. árin 1999, 2004, 2009 og 2014 á verðlagi ársins 2014

Framlag opinberra aðila til ritlistar eru lítil. Sveitarfélögin verja 2 milljörðum á ári til bókasafna og þessi tafla, sýnir framlög ríkisins á 15 ára tímabili, skoðað á 5 ára fresti. Þetta eru ekki háar fjárhæðir eða um 3 milljarðar samtals árlega og víða er samdráttur síðustu ár hjá stofnunum og verkefnum sem síst mega við því eins og hjá Arnastofnun, til námsefnisgerðar í framhaldsskólum, Námsgagnastofnunar, Þjóðskjalsafns, Hljóðbóksafns og Bókasafnssjóðs.

Bókasafnssjóð ætti sérstaklega að efla enda kemur þaðan endurgjald til allra rithöfunda fyrir afnot bóka þeirra á bóksöfnum. Þar eru 22 milljónir á þessu ári og hafa framlögin lækkað mikið undanfarin ár. Þarna birtist enn og aftur forgangsroðun stjórnmalamanna. Ekkert endilega núverandi valdhald, heldur einnig þeirra fyrri. Það er greinilegt af þessum samanburði að bækur og útgáfa þeirra er einfaldlega ekki áhugamál stjórnvalda. Sumir liðir hafa lækkað síðustu 5 árin en aðrir hækkað eitthvað en margir fjárlagaliðir höfðu lækkað á árunum fyrir 2008 en aðrir hækkað.


Bókaútgáfa hérlendis hefur löngum ekki aðeins verið áhættusamur rekstur heldur einnig ekkert sérstaklega arðbær. Það á einnig við útgáfur erlendis en þar hafa sameiningar og myndun risafyrirtækja þar sem bókaútgáfan er einungis lítil hluti af rekstrinum, verið algengar.

Þótt mikil umbrot hafi verið á bókaútgáfumarkaðnum hér um þó nokkurn tíma þá eru fyrirtækin yfirleitt lítil. Af 40 útgefendum sem gefa út fleiri en 5 titla ári eru 20 sem eru með 6 til 10 titla. Aðrir 20 útgefendur gefa út fleiri en 10 titla. Af þeim eru 10, stóru forlögin, sem gefa út fleiri en 20 titla á ári en Forlagið er langstærst með fleiri en 100 titla á ári. Margt fer þó lágt í útgáfu eins og verkefni fyrir erlenda markaði, listaverkbækur og ýmis sérútgáfa. Sérstök ástæða er til að verkja athygli á útgáfu fjárhagsupplýsinga eins og hjá Credit Info en þetta er ný og vaxandi útgáfa.




Mynd 9: Hlutfallsleg skipting kostnaðar og hagnaður við bókaútgáfu hérlendis

Mynd 9 gefur vísbendingar um skiptingu kostnaðar hérlendis og þar sést að mikill kostnaður er við útgáfu og þótt hér sé sýndur smávægilegur hagnaður þá er það ekki á vísan að róa í þeim efnum. Bókaverslunum hefur fækkað mikið hér síðustu 20 árin en bóksalan hefur líka breyst eins og bóksala í stórmörkuðum og á netinu sýnir.



Mynd 10: Stærð bókamarkaðarins á Norðurlöndum í milljörðum kr. án virðisaukaskatts árið 2012

Íslendingar eru fámenn þjóð og það sést vel í samanburði milli Norðurlanda á mynd 10. Veltan hérlendis í bókaútgáfu er um 7 milljarðar og það virkar lítið miðað við önnur Norðurlönd. Til samanburðar þá var þýski bókamarkaðurinn með veltu upp á 1.500 milljarða kr. þetta sama ár.



Mynd 11: Stærð bókamarkaðarins á Norðurlöndum og Þýskalandi á hvern íbúa í þúsundum kr. án virðisaukaskatts árið 2012

Þetta lagast hins vegar þegar skoðuð er veltan á bókamarkaðnum á hvern íbúa, samanber mynd 11. Höfuðtölureglan reynist Íslendingum oft vel en ekki má leggja of mikið upp úr slíku.

Framlag ritlistar til landsframleiðslu sem er árleg verðmætasköpun í landinu er umtalvert eða 27 milljarðar kr. á ári sem er 1,5% af landsframleiðslunni og í atvinnugreininni vinna um 3.000 manns. Þetta er metið á varfærinn hátt. Það sést vel á þessu að ritlist skilar mjög miklu og veitir auk þess vellíðan sem er venjulega ekki mæld í hagtölum. Framlag landbúnaðar er til dæmis 1% og sjávarútvegs um 12% þannig að 1,5% framlag er býsna mikið. Það er þó brýnt að efla ritlist enn frekar og hér eru lagðar fram tíu tillögur.

1. Komið verði upp innan 2ja ára svipuðu kerfi í bókaútgáfu og er við endurgreiðslu ríkisins á hluta af kostnaði (25%) við gerð kvikmynda hérlendis sem hafa mikilvæg menningarleg áhrif. Í upphafi verði endurgreiddur hluti (25%) af kostnaði við útgáfu á frumsömdum kennslubókum á íslensku.
2. Framlög í Bókasafnssjóð, sem stendur undir greiðslum til rithöfunda fyrir útlán á bókum þeirra á almenningsbókasöfnum, verði tvöfölduð að raungildi á næstu 2 árum.
3. Framlög til bókasafna á vegum sveitarfélaga og ríkis verði aukin að raungildi um 15% á næstu 5 árum.
4. Átak verði gert til að skrá bækur á vefinn bækur.is með sérstöku framlagi til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns upp á 150 milljónir kr. á næstu 2 árum.
5. Gerð verði langtímaáætlun til að efla lesskilning ungs fólks hérlendis.
6. Útgáfa hljóðbóka verði tvöfölduð á næstu 3 árum.

7. Lög um höfundarétt verði endurskoðuð til að tryggja sem best eðlilegar greiðslur til handhafa höfundaréttar í ljósi tækniþróunarinnar.
8. Tryggt verði 25% meira fjármagn að raungildi til rannsókna á prentarfi Íslendinga á næstu 5 árum.
9. Gert verði sérstakt átak til að efla skólabókasöfn í grunn- og framhaldsskólum í tengslum við átak um lestur og lesskilning.
10. Virðisaukaskattur á bækur, tímarit og blöð verði felldur niður frá ársbyrjun 2016.

Fyrrgreindar tillögur eru hógværar, raunhæfar og framkvæmanlegar. Þær leiða ekki til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð eða sveitarfélög þar sem aukning á þeirri starfsemi sem hér er tilgreind hefur innan tiltölulega skamms tíma í för með sér aukna verðmætasköpun sem skilar sér í betri lífskjörum og þar með auknum tekjum fyrir opinbera aðila í framtíðinni.

Ritlistin er í reynd ómetanleg þótt mat sé lagt á hana í hagrænu samhengi. Hún er þar vissulega stór en ritlistin er enn stærri þar sem hún er ein helsta, ef ekki helsta, forsendan fyrir tilvist Íslendinga sem þjóðar. Án íslenskunnar væri engin þjóð sem gæti kallað sig Íslendinga. Bókmenntarfinn ber því að varðveita fyrir komandi kynslóðir.